

**30. FUNDUR Í STJÓRN FRAMKVÆMDASJÓÐS FERÐAMANNASTAÐA**

Þrítugasti fundur í stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða var haldinn föstudaginn 5. apríl 2013 kl. 09:30 í fundarherbergi Ferðamálastofu að Geirsgötu 9.

**Viðstaddir:** Albína Thordarson arkitekt FAÍ formaður og Guðjón Bragason fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Sævar Skaptason fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) og Anna G. Sverrisdóttir fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) .

**Frá FMS:** Af hálfu Ferðamálastofu sátu fundinn Sveinn Rúnar Traustason, Katrín Gylfadóttir, Ólöf Ýrr Atladóttir og Sólrún Anna Jónsdóttir.

**1. Fundargerðir síðustu funda samþykkt****2. Fjórða yfirferð og úrvinnsla umsókna sem bárust um styrk til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.**

Farið var yfir þær umsóknir sem helst komu til greina.

Sveinn mun gefa umsóknunum einkunn og koma með sínar tillögur sem hann mun senda á stjórn til yfirferðar.

**3. Annað**

Sótt er um styrki til Framkvæmdasjóðs í hvert sinn sem auglýst er. Umsókn um styrk til ákveðins verkefnis eða áfanga verks heldur ekki áfram að vera í gildi eftir að styrkur hefur verið veittur til þess. Ástæðan er einföld, það er gerður samningur, helmingur styrksins greiðist út við undirskrift samnings og eftir það er greitt eftir framvindu verksins. Miðað er við að verkinu ljúki innan árs og eftir það er hægt að sækja um styrk til framhaldsverkefnis eða næsta áfanga eftir því sem við á.

Fundi slitið 10:00

Næsti fundur verður haldinn föstudaginn 12. apríl

Reykjavík 5. apríl. 2013/Katrín.